

Með ljós í hjarta ✨

Kæru íbúar Reykjanesbæjar og gestir,

Ljósanótt í Reykjanesbæ árið 2026 fer fram dagana 3.–6. september nk.

Við hvetjum alla til að skemmta sér fallega og fara varlega. Mikilvægt er að sýna hvert öðru virðingu og umhyggju – þannig stuðlum við að því að allir geti átt góða og örugga stund saman.

Munið að ef eitthvað kemur upp sem ekki á að gerast er alltaf hægt að hringja í 112. Þar er aðstoð ávallt innan seilingar.

Mikill viðbúnaður verður á hátíðinni, meðal annars hjá lögreglu, Flotnum – flakkandi félagsmiðstöð – og barnavernd Reykjanesbæjar. Við leggjum öll okkar af mörkum til að skapa öruggt og hlýlegt samfélag.

Verum með ljós í hjarta – og látum gleðina, öryggið og virðinguna leiða okkur. ✨



Ljósanótt